

Reykjavík 20. febrúar 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun. Þingskjal 114 – 57. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir ofangreinda þingsályktunartillögu og mikilvægi þess að vinna heildstæða áætlun um rekstur heilbrigðiskerfisins á Íslandi. Stefnumótun er mikilvæg í rekstri og gagnsæi jafnframt, ekki síst þegar kemur að rekstri ríkisins.

Í þeim efnum vilja Barnaheill minna á að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og önnur íslensk lög kveða á um bann við mismunum, þ.á m. á grundvelli búsetu, efnahags og stöðu foreldra. Mikilvægt er að tryggja börnum á allri landsbyggðinni aðgang að bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, þ.á m. geðheilbrigðisþjónustu, svo þau megi lifa og þroskast eins og þau eiga rétt á.

Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að mótuð sé heilbrigðisáætlun til langs tíma og með því leitast við að móta framtíðarsýn í heilbrigðismálum á Íslandi. Jafnframt að lögð sé fram aðgerðaáætlun til að nálgast þau markmið sem fram eru sett í áætluninni, aðgerðir tímasettar og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Samtökin vilja ítreka mikilvægi þess að fjármagn sé tryggt svo að áætlunin megi ganga eftir.

Heilbrigðisáætlun þarf að tengja saman alla þá þætti sem áhrif hafa á heilsufar, andlegt sem líkamlegt og jafnframt þarf að vinna slíka áætlun með sjónarmiðið um sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri